

## Ósk um framlag til afreksstarfs í bridge árið 2027

Bridgesamband Íslands óskar eftir 10 milljóna króna framlagi á fjárlögum ársins 2027 til að styrkja afreksstarf sambandsins og þátttöku íslenska landsliðsins á Bermuda Bowl, heimsmeistaramóti landsliða í bridge sem haldið verður í ágúst 2027.

### Árangur sem kallar á eftirfylgni

Íslenska landsliðið tryggði sér eitt af efstu sætunum á Evrópumótinu í Riga árið 2026 og þar með keppnisrétt á Bermuda Bowl. Þetta verður í þriðja sinn sem Ísland tekur þátt í mótinu. Árangurinn er sérstaklega ánægjulegur í ljósi þess að Ísland varð heimsmeistari á Bermuda Bowl árið 1991, sem er eitt glæsilegasta afrek íslensks landsliðs á alþjóðavettvangi.

Keppnisrétturinn skapar einstakt tækifæri til að fylgja árangrinum eftir og styrkja stöðu Íslands meðal fremstu bridgeþjóða heims. Þátttakan hefur jafnframt í för með sér verulegan kostnað vegna ferða, gistingar, þáttökugjalda, þjálfunar og annars undirbúnings. Samband af stærð Bridgesambands Íslands á erfitt með að standa undir þeim kostnaði.

### Vilji Alþingis til stuðnings við bridge

Í nefndarálitinu allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um 931. mál, frumvarp til laga um stuðning við skáklistina, var sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að móta sambærilegan stuðning við bridge. Í álitinu segir meðal annars:

„Meiri hlutinn bendir á blómlegt starf í kringum fleiri hugarípróttir sem Íslendingar hafa einnig náð frábærum árangri í. Dæmi um slíka íþrótt er bridds, en Ísland á marga afreksmenn í þeirri íþrótt og hefur briddshreyfingin hér á landi viðhaldið kröftugu starfi sem fjölmargir Íslendingar sækja. [...] Meiri hlutinn tekur undir umsögn Bridgesambands Íslands og beinir því til mennta- og barnamálaráðherra að setja á fót starfshóp sem vinni tillögur að kerfi til að styðja við briddsspilara.“

Allir nefndarmenn allsherjar- og menntamálanefndar rituðu undir álitinu. Þar birtist skýr og þverpólítískur vilji til að tryggja bridge viðeigandi umgjörð og stuðning.

Bridgesamband Íslands hefur lýst sig reiðubúið til samstarfs um útfærslu slíks stuðningskerfis. Sú vinna hefur þó ekki hafist en vonandi hesft sú vinna fljótlega. Umsóknin er því lögð fram bæði vegna brýnna verkefna ársins 2027 og sem skref í átt að þeirri framtíðarsýn sem Alþingi hefur þegar lýst stuðningi við.

## Faglegt afreksstarf

Árangur í bridge byggist á markvissri þjálfun, ítarlegri greiningu, sérfræðiaðstoð og reglulegri þátttöku í sterkum mótum. Landsliðsmenn þurfa að verja miklum tíma í sameiginlegar æfingar, þróun keppniskerfa og undirbúning fyrir ólíka andstæðinga.

Framlagið yrði meðal annars nýtt til:

- undirbúnings og þjálfunar íslenska landsliðsins;
- þátttöku landsliðsins á Bermuda Bowl;
- ferða-, gisti- og þáttökukostnaðar;
- faglegar ráðgjafar, greiningar og sérfræðivinnu;
- samstarfs reyndra afreksspilara við næstu kynslóð landsliðsmanna.

Með markvissum stuðningi má nýta þann árangur sem þegar hefur náðst til að byggja upp traust og faglegt afreksumhverfi til lengri tíma.

## Jafnræði hugaríþrótta

Bridge eralþjóðlegkeppnisgrein sem reynir á rökhugsun, minni, einbeitingu, samskipti og samstarf. Ísland hefur um áratugaskeið átt bridgefólk í fremstu röð og íslensk landslið hafa sýnt að þau geta keppt við fjölmennari þjóðir sem búa yfir öflugum atvinnu- og stuðningskerfum.

Að mati Bridgesambands Íslands eru rík rök fyrir því að afreksstarf í bridge njóti sambærilegrar viðurkenningar og stuðnings og afreksstarf í öðrum viðurkenndum íþrótta- og hugaríþróttagreinum. Slíkur stuðningur stuðlar að fjölbreyttara íþróttastarfi, auknu jafnræði og betri tækifærum íslensks afreksfólks til að keppa fyrir hönd þjóðarinnar.

Bridge hefur einnig víðtækt samfélagslegt gildi. Íþróttin eflir rökhugsun, minni og einbeitingu, hvetur til samvinnu og skapar félagsleg tengsl milli kynslóða. Fjárfesting í afreksstarfi styður því ekki aðeins árangur á alþjóðlegum keppnisvettvangi heldur styrkir einnig almennt starf og framtíð greinarinnar hér á landi.

## Beiðni um framlag

Meðvísantilframangreinds óskar Bridgesamband Íslands eftir því að fjárlaganefnd leggi til 10 milljóna króna framlag til Sambandsins á fjárlögum ársins 2027. Framlaginu yrði varið til undirbúnings og þátttöku íslenska landsliðsins á Bermuda Bowl og til áframhaldandi uppbyggingar afreksstarfs.

Með stuðningnum fær íslenska landsliðið raunhæft tækifæri til að fylgja eftir þeim framúrskarandi árangri sem náðist á Evrópumótinu árið 2026.

Virðingarfyllt,

Matthías Imsland

framkvæmdastjóri  
Bridgesamband Íslands